

Tillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna um starfshóp um framtíðarstarf skóla- og frístundastarfs í Laugarnes- og Langholtshverfi

Lagt er til að samþykkt verði að setja af stað starfshóp sem hefur það hlutverk að rýna stöðuna í Laugarnes- og Langholtshverfi með tilliti til úrbóta í húsnæðismálum grunnskóla og frístundastarfs og koma með tillögur um framtíðarskipan skóla- og frístundastarfs í hverfunum. Starfshópurinn skili af sér eigi síðar en í lok febrúar 2021.

Greinargerð:

Um nokkurra ára skeið hefur verið ljóst að vegna viðvarandi fjölgunar nemenda er verulega farið að þrengja að í skóla- og frístundahúsnæði Laugarnesskóla, Laugarlækjarskóla og Langholtsskóla. Þegar hefur farið fram töluverð rýni á húsnæði Laugarnesskóla og Langholtsskóla. Það er mat umhverfis- og skipulagssviðs að ýmis vandkvæði séu á því að byggja frekar við Laugarnesskóla. Þessi staða kallar á endurskoðun á þeirri vinnu sem þegar er hafin til að fá ferska sýn á stöðuna.

ERINDISBRÉF¹

Starfshópur um framtíðarstarf skóla- og frístundastarfs í Laugarnesskóla, Laugalækjarskóla og Langholtsskóla.

Ábyrgðarmenn: Soffía Pálsdóttir, skrifstofustjóri frístundaskrifstofu og Soffía Vagnsdóttir, skrifstofustjóri grunnskólaskrifstofu.

Um nokkurra ára skeið hefur verið ljóst að vegna viðvarandi fjölgunar nemenda er verulega farið að þrengja að í skóla- og frístundahúsnæði Laugarnesskóla, Laugalækjarskóla og Langholtsskóla.

Þegar hefur farið fram töluverð rýni á húsnæði Laugarnesskóla og Langholtsskóla. Það er mat umhverfis- og skipulagssviðs að ýmis vandkvæði séu á því að byggja frekar við Laugarnesskóla. Þessi staða kallar á endurskoðun á þeirri vinnu sem staðið hefur yfir til að fá ferska sýn á stöðuna.

Á fundi skóla- og frístundaráðs x.x. 2021 var samþykkt að stofna starfshóp til að meta og útfæra tillögur um framkvæmd grunnskóla- og frístundastarfs í Laugarneshverfi og Langholtshverfi í ljósi aukningar nemendafjölda á einstökum starfsstöðvum á undanförunum árum.

Hlutverk:

Hlutverk hópsins er að leggja fram tillögu um skóla- og frístundastarf í Laugarnes- og Langholtshverfi til framtíðar með hagsmuni barna og unglunga í hverfunum að leiðarljósi.

Helstu verkefni:

- Að skoða tillögur, greiningargögn og ábendingar sem fram hafa komið í vinnu skóla- og frístundasviðs og umhverfis- og skipulagssviðs.
- Að hafa samráð við umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar um skipulags- og samgöngumál í hverfunum.
- Að huga að og meta mótvægisáðgerðir í tengslum við þær tillögur sem hópurinn leggur fram.
- Að leggja fram útfærðar tillögur sem hafi það að markmiði að tryggja farsælt og gott skóla- og frístundastarf í Laugarneshverfi og Langholtshverfi.

¹ Erindisbréf skulu gerð í samræmi við reglur Reykjavíkurborgar um starfs- og stýrihópa:
http://reykjavik.is/sites/default/files/reglur_reykjavikurborgar_um_starfs-_og_styrihopa.pdf

Starfshópin skipa:

Soffía Pálsdóttir, skrifstofustjóri frístundamála SFS

Soffía Vagnsdóttir, skrifstofustjóri grunnskólamála SFS

Hafdís Guðrún Hilmarsdóttir, verkefnisstjóri á grunnskólaskrifstofu SFS

Sigrún Sveinbjörnsdóttir, verkefnisstjóri á frístundaskrifstofu SFS

Sigríður Heiða Bragadóttir, skólastjóri Laugarnesskóla

Jón Páll Haraldsson, skólastjóri Laugalækjarkóla

Hreiðar Sigtryggsson, skólastjóri Langholtsskóla

Fulltrúi USK

Haraldur Sigurðsson, framkvæmdastjóri frístundamiðstöðvarinnar Kringlumýri

Starfsmenn/verkefnisstjórar starfshópsins:

Hafdís Guðrún Hilmarsdóttir og Sigrún Sveinbjörnsdóttir

Til ráðgjafar og samstarfs:

Starfshópurinn leiti einnig ráðgjafar innan og utan borgarkerfis hjá aðilum með sérþekkingu á viðfangsefninu ef svo ber undir.

Starfstími:

Hópurinn starfar til 28. febrúar 2021.

Reykjavík, janúar 2021

Helgi Grímsson sviðsstjóri